



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### Efni tillögu:

Lagt er til að úthlutað verði viðbótarstyrk til Foreldrahúss – Vímulausrar æsku 3.000.000 kr.

### Greinargerð:

Styrkjapottur velferðaráðs fyrir árið 2019 hljóðaði upp á 138.531.894 kr. Samtals var úthlutað 134.600.000 kr. og voru því eftirstöðvar 3.931.894 kr.

Forsvarsmenn Minningasjóðs Einars Darra skiluðu styrk sem þau fengu vegna þjóðfundar sem var grundvöllur styrkveitingarinnar, en styrkurinn hljóðaði upp á 9.000.000 kr. Eftirstöðvar til styrkveitinga fyrir árið 2019 eru því samtals 12.931.894 kr.

Þann 7. maí 2019 gerðu velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Foreldrahús – Vímulaus æska, með sér samstarfssamning á grundvelli styrkveitingar um þjónustu sem Foreldrahús veitir foreldrum og börnum með lögheimili í Reykjavík. Samningurinn gildir til loka árs 2019 og er upphæðin samtals 6.000.000 kr.

Þjónusta Foreldrahúss er mikið nýtt af þjónustumiðstöðvum og Barnavernd Reykjavíkur en tilvísun frá þeim veitir rétt á þjónustu í 5 skipti endurgjaldslaust. Reykvíkingar sem leita til Foreldrahúss án tilvísunar fá þjónustuna niðurgreidda um 3.500 kr. fyrir hvert skipti og greiða því 8500 kr. fyrir tímann.

Um mitt ár var ljóst að veittur styrkur myndi ekki duga út árið vegna fjölda tilvísana og þjónustuveitingar til einstaklinga. Hefur því Foreldrahús óskað eftir viðbótarstyrk upp á 3.000.000. kr.

Í grein 4.2 í styrkjahandbók Reykjavíkur er kveðið á um að ráðinu sé heimilt að halda eftir 5% samþykkrar heildarupphæðar styrkja til að bregðast við umsóknum sem berast utan auglýsts umsóknartímabils, enda sé um að ræða umsóknir vegna atburða eða

verkefna sem ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkjaúthlutunar. Þar kemur einnig fram að ef sérstakar málefnalegar aðstæður liggja fyrir er heimilt að halda allt að 10% samþykkrar heildarupphæðar. Á grundvelli þess ákvæðis er lagt til að styrkurinn verði veittur.

Hjálagt:

Umsókn Foreldrahúss – Vímulausrar æsku um viðbótarstyrk dags. 25. október 2019.